Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudag 19. febrúar 1989

Árbæjarprestakall. Barnasamkoma í Foldaskóla í Grafarvogshverfi laugardag kl. 11 árdegis. Sunnudagur: Barnasamkoma í Árbæjarkirkju kl. 10.30 árdegis. Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju kl. 14. Organleikari Jón Mýrdal. Vænst er þátttöku fermingarbarna og foreldra þeirra í guðsþjónustunni. Þriðjudagur: Fyrirbænastund í Árbæjarkirkju kl. 18. Miðvikudagur: Samvera eldra fólks í safnaðarheimili Árbæjarkirkju kl. 13.30. Föstumessa í Árbæjarkirkju kl. 20.30. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Miðvikudagur: Föstumessa í Áskirkju kl. 20.30. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtskirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Skátaguðsþjónusta kl. 14. Organisti Sigríður Jónsdóttir. Þriðjudagur: Bænaguðsþjónusta kl. 18.15. Altarisganga. Föstumessa í Hallgrímskirkju miðvikudag kl. 20.30 með þátttöku kirkjukórs, organista og sóknarprests Breiðholtssóknar. Sr. Gísli Jónasson.

Bústaðakirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðrún Ebba Ólafsdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Einar Örn Einarsson syngur einsöng. Ína Þöll Jónsdóttir og Guðrún Árnadóttir leika á fiðlu og Þórhildur Halla Jónsdóttir á selló. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Konukaffi bræðrafélagsins strax eftir messu. Auk eiginkvenna félagsmanna er eldri borgurum sérstaklega boðið. Ávarp, söngur og hljóðfæraleikur. Aðalfundur Kvenfélags Bústaðakirkju verður mánudagskvöld kl. 20.30 í safnaðarheimilinu. Félagsstarf eldri borgara miðvikudag kl. 13.30–17. Æskulýðsfélagsfundur miðvikudagskvöld. Helgistund á föstu miðvikudagskvöld kl. 20.30. Sr. Ólafur Skúlason.

Digranesprestakall. Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan: Laugardagur: Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Öll börn velkomin. Egill og Ólafía. Sunnudagur: Messa kl. 11. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson. Messa kl. 14. Sr. Hjalti Guðmundsson. Organleikari við báðar messurnar er Þröstur Eiríksson. Þriðjudagur 21. febr.: Helgistund á föstu kl. 20.30. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Fríkirkjan í Reykjavík. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14.00. Orgelleikari Pavel Smid. Cecil Haraldsson.

Landakotsspítali. Messa kl. 13. Organleikari Birgir Ás Guðmundsson. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Elliheimilið Grund. Guðsþjónusta kl. 14. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir guðfræðinemi prédikar og sr. Bjarni Sigurðsson þjónar fyrir altari. Félag fyrrverandi sóknarpresta. Föstuguðsþjónusta miðvikudag kl. 18. Eiríkur Jóhannsson guðfræðinemi.

Fella- og Hólakirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Umsjón Ragnheiður Sverrisdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur Guðmundur Karl Ágústsson. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Æskulýðsfundur kl. 20.30 mánudagskvöld. Þriðjudagur: Opið hús fyrir 12 ára börn kl. 17–18.30. Miðvikudagur: Guðsþjónusta með altarisgöngu kl. 20.00. Sóknarprestar.

Grensáskirkja. Barnasamkoma kl. 11. Messa kl. 14. Altarisganga. Sr. Halldór S. Gröndal messar. Organisti Árni Arinbjarnarson. Gideonfélagar koma í heimsókn. Miðvikudagur: Hádegisverðarfundur aldraðra kl. 11. Föstudagur: Æskulýðsstarf kl. 17. Laugardagur: Biblíulestur og bænastund kl. 10. Prestarnir.

Hallgrímskirkja. Barnasamkoma og messa kl. 11. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Léttur hádegisverður verður seldur eftir messu. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum. Miðvikudagur: Opið hús fyrir aldraða kl. 14.30. Föstumessa kl. 20.30. Sr. Gísli Jónasson prédikar. Kirkjukór Breiðholtskirkju syngur. Organisti Sigríður Jónsdóttir. Föstudagur: Áhugahópur um kyrrðardaga kl. 20. Laugardagur: Samvera fermingarbarna kl. 10. Kvöldbænir með lestri Passíusálma kl. 18 mánud., þriðjud., fimmtudag. og föstudag.

Landspítalinn. Messa kl. 10. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.

Háteigskirkja. Morgunmessa kl. 10. Sr. Arngrímur Jónsson. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Pétur Björgvin og Kristín Þórunn. Messa kl. 14. Sr. Tómas Sveinsson. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18. Föstuguðsþjónusta miðvikudag kl. 20.30. Sr. Tómas Sveinsson.

Hjallaprestakall í Kópavogi. Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11 í messuheimili Hjallasóknar, Digranesskóla. Foreldrar, afar og ömmur sérstaklega hvött til að mæta með börnum sínum. Allir velkomnir. Sr. Kristján E. Þorvarðarson.

Kársnesprestakall. Barnasamkoma í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11. Umsjón hafa María og Vilborg. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14. Sr. Árni Pálsson.

Langholtskirkja. Kirkja Guðbrands biskups. Óskastund barnanna kl. 11. Söngur, sögur, myndir. Jón Stefánsson og Þórhallur Heimisson sjá um stundina. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Organisti Jón Stefánsson. Sóknarnefndin.

Laugarneskirkja. Guðsþjónusta kl. 11. Barnastarfið er um leið. Heitt kaffi á könnunni að lokinni guðsþjónustu. Mánudagur: Æskulýðsfundur kl. 18. Fundur hjá kristilegu félagi heilbrigðisstétta kl. 20.30. Þriðjudagur: Opið hús hjá Samtökunum um sorg og sorgarviðbrögð kl. 20 í safnaðarheimilinu. Helgistund í kirkjunni kl. 22. Fimmtudagur: Kyrrðarstund í hádeginu. Orgelleikur frá kl. 12. Altarisganga og bænastund kl. 12.10. Léttur hádegisverður í safnaðarheimilinu kl. 12.30. Sóknarprestur.

Neskirkja. Laugardagur: Samverustund aldraðra kl. 15. Farið verður í stutta ferð í Seljahlíð og Seljakirkju. Smávægilegur kostnaður. Sunnudagur: Barnasamkoma kl. 11. Munið kirkjubílinn. Guðsþjónusta kl. 14. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Ólafur Jóhannsson. Mánudagur: Æskulýðsstarf fyrir 12 ára krakka kl. 18. Æskulýðsstarf fyrir 13 ára og eldri kl. 19.30. Þriðjudagur: Æskulýðsstarf fyrir 10 og 11 ára krakka kl. 17.30. Miðvikudagur: Föstuguðsþjónusta kl. 20. Sr. Ólafur Jóhannsson. Þriðjudagur og fimmtudagur. Opið hús fyrir aldraða kl. 13–17.

Seljakirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Mánudagur: Æskulýðsfundur kl. 20. Föstudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 22. Sóknarprestur.

Seltjarnarneskirkja. Kirkjuvígsla kl. 16. Biskup Íslands, herra Pétur Sigurgeirsson, vígir kirkjuna. Vígslubiskup, sr. Ólafur Skúlason, þjónar fyrir altari ásamt sóknarpresti, sr. Solveigu Láru Guðmundsdóttur. Safnaðarkór Seltjarnarnesskirkju syngur. Organisti Sighvatur Jónasson. Hljóðfæraleikarar: Skarphéðinn Einarsson, Björgvin Sigurðsson, Anna Sigurbjörnsdóttir, Össur Geirsson, Sigurður Smári Gylfason og Reynir Jónasson. Elísabet F. Eiríksdóttir syngur einsöng. Hljómeyki flytur íslensk kórverk. Æskulýðsfundur mánudagskvöld kl. 20.30. Opið hús fyrir 10–12 ára þriðjudag kl. 18. Sóknarnefndin.

Fríkirkjan í Hafnarfirði. Barnasamkoma kl. 11. Miðvikudagur kl. 20. Biblíulestur í safnaðarheimilinu. Allir velkomnir. Einar Eyjólfsson.

Stokkseyrarkirkja. Barnamessa kl. 11. Sóknarprestur.

Gaulverjabæjarkirkja. Messa kl. 14. Sóknarprestur.

Hafnarfjarðarkirkja. Sunnudagaskóli kl. 10.30. Munið sunnudagaskólabílinn. Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14. Fermingarbörn aðstoða. Sr. Þórhildur Ólafs.

Keflavíkurkirkja. Sunnudagaskóli kl. 11. Munið skólabílinn. Guðsþjónusta kl. 14. Kór Keflavíkurkirkju syngur. Organisti Örn Falkner. Sóknarprestur.



Ásgerður Búadóttir.

Gallerí Borg:

Ásgerður Búadóttir sýnir vefnað

Í gær opnaði Ásgerður Búadóttir sýningu á verkum sínum í Gallerí Borg, Pósthússtræti 9.

Ásgerður hefur haldið sex einkasýningar í Reykjavík og tekið þátt í mörgum samsýningum hér á landi og erlendis, meðal annars haustsýningu FÍM. Einnig hefur hún sýnt sex sinnum með sýningarhópnum Kolorísterne á Den Frie í Kaupmannhöfn.

Ásgerður á mörg verk á mörgum opinberum söfnum og stofnunum, meðal annars Listasafni Íslands, Listasafni Háskóla Íslands, Röhsska listiðnaðarsafninu Gautaborg, Norrænu menningarmálstofnuninni, Kaupmannahöfn, Textile Arts Foundation, Main, USA og Seðlabanka Íslands. Ásgerður hlaut Menningarverðlaun DV 1982 og var kjörin borgarlistamaður Reykjavíkur 1983–84.

Á sýningu Ásgerðar nú í Gallerí Borg eru níu verk, öll ofin á árunum 1986–1989. Fjögur verk sýningarinnar kallar listakonan Gengið með sjó er það samstæða en þó er hvert verk fyrir sig sjálfstætt.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 10.00–18.00 og um helgar frá kl. 14.00–18.00. Henni lýkur þriðjudaginn 28. febr. 1989.

Íslenska óperan:

György Pauk og Ralf Gothoni

Ungverski fiðluleikarinn György Pauk og finnski píanóleikarinn Ralf Gothoni halda tónleika í Íslensku óperunni kl. 14.30 á vegum Tónlistarfélagsins.

Báðir þessir ágætu listamenn hafa komið við sögu tónlistarlífsins hér áður, György Pauk hélt tónleika fyrir Tónlistarfélagið 1978 og Ralf Gothoni lék með finnska barítonsöngvaranum Jorma Hynninen á tónleikum í Norræna húsinu fyrir nokkrum árum.

György Pauk hefur lengi verið með vinsælustu fiðluleikurum heims og á tónleikum á laugardaginn leika þeir Ralf Gothoni verk eftir Beethoven, Schubert, Janacek og Lutoslavsky.

Miðasala er við innganginn.

Kjarvalsstaðir:


Félagssýning

FÍM, Félag íslenskra myndlistarmanna, opnar félagssýningu sína sem haldin er annað hvert ár (tvíæringur), á Kjarvalsstöðum laugardaginn 18. febrúar kl. 14.00.

Sýningin stendur til 5. mars.

FÍM hefur haldið uppi öflugu sýningarstarfi frá stofnun árið 1928 og einnig rekið nokkra sýningarsali.

Lengi var félagssýningin haldin árlega að hausti til en nú er hún haldin annað hvert ár. Oft hefur ut-




Unnið að uppsetningu sýningar FÍM að Kjarvalsstöðum.

Leiðsögn um víkinga



Þór Magnússon veitir gestum leiðsögn um víkingasýninguna.

Tapað fundið



JVC S-VHS myndavél stolið úr Faco

Sl. laugardag var JVC S-VHS myndavél stolið úr Versluninni Faco á Laugavegi 89. Verðmæti vélarinnar er um 200.000 krónur. Þetta er fullkomnasta upptökuvél á neytendamarkaðinum í dag og aðeins örfá eintök eru til af henni á Íslandi. Vélin, sem ber tegundarnafnið GF-S1000HE, er dökk að lit með áberandi JVC og S-VHS merkjum. Sá sem hefur vélina undir höndum getur engan veginn notað hana þar sem ekkert hleðslutæki og rafhlaða voru með henni. Sömuleiðis vantaði á stereohljóðnemann. Hver sá sem færir starfsmönnum Faco þessa verðmætu vél í heilu lagi eða gefur upplýsingar sem leiða til þess að hún finnist, fær ríkulega umbun, þ.e. nýtt og fullkomið JVC myndbandstæki og JVC myndbandsspólur.

Hvolpur tapaðist úr Breiðholti

Gulur og svartur schäfferhvolpur týndist í Breiðholti á miðvikudaginn sl. Finnandi vinsamlegast hringi í síma 686081.

Námskeið

Námskeið í tíbeskum huglækningum (reiki)

Reiki er ævaforn tíbesk heilunaraðferð sem byggir á handayfirlagningu. Huglæknirinn er farvegur fyrir alheimslega orku (það er reiki) sem kemur frá uppsprettu lífsins, þar af leiðandi þreytist huglæknirinn ekki né missir orku við heilunina þvert á móti fyllist hann lífskrafti. Dr. Paula Horan, sem er vel þekktur dulsálfræðingur og huglæknir, heldur námskeiðið. Hún hefur náð árangri með reiki í heilun alvarlegra sjúkdóma eins og krabbameins og flogaveiki, hún hefur rannsakað og starfað með andalæknum í Brasilíu og Mexíkó sem framkvæma sálrænar skurðlækningar sem var frægt hér á árum áður, einnig hefur hún lært af andalæknum að heila með eldgöngu. Námskeiðið verður haldið nú um helgina, 18.–19. febrúar kl. 10–18 að Laugavegi 163, 3. hæð. Verð kr. 6.500. Hjón og félagsmenn Þrídrangs fá afslátt. Upplýsingar hjá Þrídrangi í síma 27622.

Tilkynningar

Jón
Þorleifsson



ÞEIR ÁBYRGU!

„Þeir ábyrgu"

Fyrr á þessu ári kom úr bókin „Þeir ábyrgu" eftir Jón Þorleifsson. „Þeir ábyrgu" eru fimm einþáttungar. Þetta er ellefta bók Jóns. Fyrri bækur hans eru ljóðabækur, skáldsögur, sagnfræði, hag-